

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 29. nóvember 2024

Mál nr. E-112/2024:

A

(Bryndís Gyða Michelsen lögmaður)

gegn

Norðurorku hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Heiðar Örn Stefánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 8. mars 2024 til viðurkenningar á bótaskyldu vegna reiðhjólasyss. Það var dómtekið föstudaginn 1. nóvember 2024 að undangenginni vettvangsgöngu og aðalmeðferð.

Stefnandi er A, [...], [...].

Stefndu eru Norðurorka hf., Rangárvöllum, Akureyri og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda Norðurorku hf. á líkamstjóni sem stefnandi varð fyrir 7. september 2022 er hann féll af reiðhjóli vegna krana sem komið hafði verið fyrir af hálfu stefnda á grasbala sem skilur á milli Eyjafjarðarbrautar vestri og göngu- og hjólastígs samhliða akveginum.

Auk þess krefst stefnandi viðurkenningar á greiðsluskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda Norðurorku hf. hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. vegna líkamstjónsins.

Stefnandi krefst málskostnaðar sameiginlega úr hendi stefndu að skaðlausu, auk álags, er nemi virðisaukaskatti.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara að bótaábyrgð stefndu verði aðeins viðurkennd að hluta. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi vísar um aðild stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. til 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga, þar sem stefndi Norðurorka hf. var, er slysið átti sér stað, með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf.

Málavextir

Rétt þykir að rekja hér nokkuð nákvæmlega hvernig málsaðilar lýsa því atviki sem um ræðir og aðstæðum á slysstað, hver fyrir sig, enda telur dómurinn að líta megi svo á að þær lýsingar feli í sér málsástæður einkum varðandi forsendur sakarmats í málinu. Einnig endurspeгла lýsingar þeirra helstu ágreiningsefni málsins.

Stefnandi máls þessa lýsir atvikum svo að hann hafi þann 7. september 2022 á reiðhjóli sem leið liggur norður Eyjafjarðabraut vestri/Drottningarbraut í átt að miðbæ Akureyrar. Samhliða akveginum liggi göngu-og hjólastígur sem ca. 9 metra breiður grasbali skilji á milli. Er nær hafi dregið miðbænum hafi stefnandi talið rétt að færa sig yfir á hjólastíginn og hafi því stefnt hjólinu á milli tveggja staura á grasbalanum sem hann hafi gert ráð fyrir að mörkuðu vegslóða þar yfir, án þess að hafa getað séð þrjá smákranana sem komið hefði verið upp í röð í grasinu á milli stauranna. Dekkið á hjólinu hafi því skolið á einhverjum kranann með þeim afleiðingum að stefnandi hafi steypst af hjólinu og fallið til jarðar af fullum þunga. Kranarnir séu á vatnslögn í eigu stefnda Norðurorku hf.

Stefndu lýsa í greinargerð tilefni þess að þeim þjónustulokum sem um ræði (krönum) hafi verið komið fyrir. Kveða stefndu að á árinu 1997 hafi stefndi Norðurorka hf. lagt nýja bakrásarlögn frá vestri til austurs, á milli bæanna Háteigs og Litla Garðs og síðan sem leið liggja til suðurs meðfram Eyjafjarðarbraut Vestri (Drottningarbraut) á rúmlega 4 km kafla. Bakrásarlögnin sé á þeim kafla staðsett fyrir neðan veginn, þ.e. nær sjó. Á þeim stað þar sem lögnin taki beygju til suðurs séu þjónustulokar sem mikilvægir séu til að hægt sé að þjónusta lögnina. Þjónustuloka þessa verði að staðsetja á lágpunkti lagnarinnar þannig að hægt sé að tæma lögnina úr báðum áttum og þeir þurfi eðli máls samkvæmt að vera aðgengilegir.

Svæðið þar sem bakrásarlögnin hafi verið lögð, milli vegar og sjávar, sé og hafi alla tíð verið óræktað land. Til merkingar fyrir starfsmenn stefnda Norðurorku hf. hafi verið reknir niður tveir málaðir staurar við þjónustulokana. Einnig hafi staurarnir verið til viðvörunar fyrir snjóruðningstæki og aðra sem kunni að þurfa að athafna sig á svæðinu. Sjaldan hafi þurft að nota umrædda þjónustuloka og aldrei, áður en atvik þessa máls hafi gerst, hafi, svo stefndu viti, orðið slys í námunda við þá. Mikið hafi bætt í gróður á svæðinu síðan bakrásarlögnin hafi verið lögð. Þegar atvik þessa máls hafi gerst hafi verið kominn þar mikill og óhirtur gróður.

Fyrir liggur að göngu- og hjólreiðastígur var allmörgum árum síðar lagður sjávarmegin við umrædda umferðargötu og nær stígurinn frá miðbæ Akureyrar og að Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit.

Stefndu lýsa því í greinargerð að umræddur stígur hafi gagnert verið lagður til að auka öryggi vegfarenda og beina umferð reiðhjóla og gangandi vegfarenda af Eyjafjarðarbraut Vestri/Drottningarbraut. Göngu- og hjólreiðastígurinn liggi alveg við veginn við Flugvöllinn á Akureyri en færist síðan frá honum og þar sem Þjónustulokarnir eru staðsettir séu um 9 metrar frá vegi að göngu- og hjólreiðastígnum. Þjónustulokarnir séu staðsettir um það bil á miðri leið þar á milli. Svæðið milli vegar og göngu- og hjólreiðastígs sé óræktað og óhirt með miklum gróðri.

Því fari fjarri að mati stefndu að þetta svæði á milli vegar og stígs dragi að sér umferð hjólreiðamanna eða gangandi vegfarenda enda afar illfært og stutt í betri umferðarleiðir (vegin og göngu- og hjólreiðastíginn). Þá séu tengingar milli vegar og göngu- og hjólreiðastígs reglulega á leiðinni, við helstu gatnamót á veginum, en þar fari ekki á milli mála að gert sé ráð fyrir umferð. Hvergi á leiðinni né annarsstaðar í göngu- og hjólreiðastígakerfi Akureyrarbæjar sé umferð gangandi vegfarenda eða hjólreiðafólks beint inn á grasbletti, óræktuð svæði eða aðra torfæru. Lýsa stefndu því svo að samkvæmt stefnu og öðrum gögnum málsins hafi stefnandi verið staddur í Kjarnaskógi 7. september 2022 og hafi ætlað að hjóla til Akureyrar. Stefnandi hafi kosið að fara ekki inná göngu- og hjólreiðastíginn við flugvöllinn heldur hafi hann hjólað á veginum í átt að miðbæ Akureyrar. Þegar stefnandi hafi ákveðið að færa sig yfir á göngu- og hjólreiðastíginn hafi hann ekki notað þær tengingar sem til staðar séu heldur hafi hann beint reiðhjóli sínu, án þess að stíga af baki þess, beint út í torfæruna.

Þá kveða stefndu að stefnandi hafi ekki virst hafa hagað hraða í samræmi við þær afar krefjandi aðstæður sem til staðar hafi verið í torfærunni enda hafi hann ekki getað brugðist við því er reiðhjólið hafi lent á fyrirstöðu í gróðrinum og stefnandi því dottið í jörðina. Kveða stefndu að stefnandi hafi borið því við að hann hafi valið umræddan stað til að víkja af veginum og út í torfæruna þar sem hann hafi talið að stikur þær (staurar) sem merkt hafi þjónustulokana hafi verið hugsaðar sem hlið. Stefndu telji þessar skýringar fjarstæðukenndar enda ekki venja að staðsetja hlið í miðri órækt þar sem engin sé girðingin. Þá sé staðsetning og afstaða stikanna (stauranna) gagnvart veginum slík að engin leið sé að mistaka þær fyrir vegvísa auk þess sem tengingar milli vegar og stígs séu greinilegar þar sem þær séu. Þá vísa stefndu til þess að stefnandi fullyrði í stefnu og

öðrum gögnum málsins að hann hafi dottið við það að reiðhjól hans hafi rekist á þjónustuloka. Stefndu telji þetta ósannað enda þótt stefnandi hafi fallið í námunda við þá enda sé afar margt í þessari órækt sem hefði getað valdið slysi stefnanda. Stefnandi hafi sagst hafa verið með reiðhjólahjálmbætur slysið hafi orðið en hann virðist ekki hafa verið í hlífðarbúnaði sem ætlaður sé til notkunar í torfæru.

Aðilar málsins deila ekki um þau atvik sem áttu sér stað í kjölfar slyssins. Við fallið varð stefnandi fyrir líkamstjóni og leitaði læknishjálpar strax næsta dag. Skoðun leiddi m.a. í ljós tognunaráverka á öxl og brjóstkassa. Stefnandi þurfi síðar vegna þessa að undirgangast aðgerð, þann 5. janúar 2023, vegna rifu í axlarsinum og sætir að sögn enn meðferð sjúkraþjálfara. Liggur fyrir í málinu örorkumat þar sem kemur fram að stefnandi hafi verið óvinnufær frá slysdegi 7. september 2022 til 1. júlí 2023 og varanleg læknisfræðileg örorka (miski) stefnanda sé 8%. Áverki stefnanda var á hægri öxl og gekkst hann undir skurðaðgerð og var rifa á nánar tilgreindri sin saumuð.

Stefndi Norðurorka hf. var á slysdegi með frjálssa ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Leitaði stefnandi eftir því við tryggingafélagið að það viðurkenndi bótaskyldu vegna tjónsins. Tryggingafélagið hafnaði kröfunni eftir samráð við stefnda Norðurorku hf. Stefnandi bar málið undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sem komst að því 15. ágúst 2023 að stefnandi ætti rétt til fullra bóta úr vátryggingunni vegna slyssins. Þessari niðurstöðu vildu stefndu ekki una og tilkynntu stefnanda þá afstöðu sína. Stefnandi höfðaði málið í kjölfarið.

Í greinargerð stefndu kemur fram að óumdeilt sé að stefndi Norðurorka hf. hafi verið með gilda ábyrgðartryggingu hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. þegar slys stefnanda átti sér stað. Sé því viðurkennt að verði stefndi Norðurorka hf. talinn bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda sé stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. greiðsluskylt í samræmi við skilmála ábyrgðartryggingarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Í stefnu kemur fram að stefnandi telji að stefndi, Norðurorka hf., beri skaðabótaábyrgð á slysi hans með vísan til þess að frágangur slyasvæðisins, þ.e. krananna og stauranna, hafi falið í sér saknæma háttsemi af hálfu starfsmanna stefnda, Norðurorku hf. Starfsmenn félagsins hafi verið meðvitaðir um þá slyshættu sem kynni að skapast vegna frágangs á slyasvæðinu en látið undir höfuð leggjast að grípa til

viðeigandi ráðstafana. Grundvöllur ábyrgðarinnar sé því almenna skaðabótareglan (sakarreglan) og reglan um vinnuveitendaábyrgð.

Kveðst stefnandi í fyrsta lagi benda á að staðsetning krananna hafi verið varhugaverð, enda sé svæðið almenningssvæði og þar megi vænta umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda. Stefnda, Norðurorku hf., hafi borið rík skylda til að haga aðstæðum á svæðinu með þeim hætti að slysaætta stafaði ekki af.

Jafnframt kveðst stefnandi benda á að kranarnir hafi verið með öllu ósjáanlegir enda hafi þeir skagað rétt upp úr jörðu innan um gróður. Stefndi hafi því verið ómögulegt að gera sér grein fyrir slysaættunni sem af þeim hafi stafað. Stefndi Norðurorka hf. hafi ekki sinnt þeim lágmarkskröfum sem gera verði til takmörkunar á slysaættu með þeim afleiðingum sem að framan greini, fyrr en um seinan. Í kjölfar slyss stefndi hafi mól verið mokað yfir kranana þrjá undir því yfirsýni að vara vegfarendur við þeirri hættu sem af krönunum stafaði.

Í öðru lagi kveðst stefnandi benda á að starfsmenn Norðurorku hf. hafi haft eða hafi mátt hafa vitneskju um að hætta stafaði af krönunum, enda megi ráða af svörum stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., undir málarekstri fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum að staurunum tveimur, sem hafi verið komið upp sitt hvoru megin við kranana þrjá í jarðveginum, hafi verið ætlað að vara vegfarendur við þeirri hættu sem af krönunum hafi stafað. Stefndi kveðst byggja á því að í því felist í reynd viðurkenning á sök stefnda Norðurorku hf. Í athugasemdum stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 23. júní 2023, segi að stefndi, Norðurorka hf., hafi ákveðið að koma staurunum tveimur fyrir, bláum og rauðum að lit, gagnert í þeim tilgangi að vara vegfarendur við hættu sem stafað hafi af krönunum sem staðsettir væru þeirra á milli. Þá segi:

„Venja er fyrir því að aðvörunarmerkingar séu t.d. í rauðum lit og hefur málskotsaðila verið það ljóst að þessir staurar vara við einhverskonar hættu“.

Að framangreindu virtu telur stefnandi ljóst að stefndi, Norðurorka hf., hafi verið fullmeðvitaður um hættuna sem verði að meta honum til sakar. Hér verði einnig að líta til þess að staurarnir hafi ekki haft þau áhrif að vara vegfarendur við hættunni sem af krönunum hafi stafað, og jafnframt hafi staurarnir haft þveröfug áhrif á þá sem fari hjólandi um svæðið. Þannig hafi staurarnir í raun skapað þá hugmynd fyrir hjólríðafólk að mögulegt væri að fara á milli stauranna án slysaættu. Þá kveður stefnandi að jafnvel þó ekki yrði talið að staðsetning stauranna tveggja hafi kallað fram þau hughrif hjá hjólandi vegfarendum að um einskonar hlið væri að ræða sem hægt væri að hjóla í

gegnum, þá verði að telja að staðsetning stauranna hafi fremur hvatt hjólreiðafólk til þess að fara þar í gegn fremur en að vara við hættunni sem af krönunum stafaði.

Af því leiði að hafi raunverulegur tilgangur stauranna verið að vara við hættunni sem af krönunum stafaði, hafi uppsetning og útfærsla af hálfu stefnda Norðurorku hf. verið með þeim hætti, að meiri slysaþætta hafi skapast. Hér verði að líta til þess að afar auðvelt hefði verið fyrir stefnda Norðurorku hf. að vara við krönunum með öðrum og betri hætti, svo sem með uppsetningu skilta, með því að strekkja t.d. kaðal í kringum staurana eða þeirra á milli eða moka mól yfir þá, svo fátt eitt sé nefnt. Það hafi hins vegar ekki verið gert fyrr en eftir slys stefnanda.

Til stuðnings framangreindu kveðst stefnandi benda á að staurarnir hafi verið málaðir með daufum bláum og rauðleitum lit. Hefði stefnda, Norðurorku hf., verið í lófa lagið að merkja staurana með aðvörunarmerkingum í öðrum lit, svo sem með svörtum og gulum eða appelsínugulum skáröndum eða rauðum og hvítum, líkt og tíðkist við aðvörunarmerkingar. Þá skyldu hafi stefndi, Norðurorka hf., virt að vettugi. Stefnandi hafi með engu móti getað gert sér grein fyrir því að hættulegt kynni að vera fyrir hann að hjóla milli stauranna. Aðeins sé um sjálfsagðar ráðstafanir að ræða sem hefðu hvorki verið kostnaðarsamar né fyrirhafnarsamar. Loks verði að líta til þess að kranarnir hafi alls ekki sést innan um gróðurinn.

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi einnig byggt afstöðu sína um höfnun á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda, Norðurorku hf., á því að kranarnir hafi verið staðsettir á svæði þar sem ekki hafi mátt vænta umferðar gangandi eða hjólandi vegfarenda. Stefnandi kveðst mótmæla þeim málatilbúnaði og benda á í því samhengi að slysstaðurinn sé á svæði ætluðu almenningi sem vinsælt sé meðal hjólreiðarmanna. Þá hafi Akureyrarbær hvatt íbúa til þess að nýta sér hjólaleiðir bæjarins. Stefndi, Norðurorka hf., hafi því mátt gera ráð fyrir talsverðri umferð hjólandi vegfaranda um svæðið. Undir málarekstri fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum hafi stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., byggt á því, í athugasemdum sínum, dags. 23. júní 2023, að hjólreiðamenn leituðust ekki sérstaklega eftir því að nýta grasflöt þar sem mikill gróður væri og erfitt sé að fara um, enda gætu steinar og aðrar hindranir leynst þar með tilheyrandi hættu. Stefnandi kveðst mótmæla þessum sjónarmiðum og benda á að reginmunur sé á annars vegar náttúrulegum hindrunum á grassvæði, svo sem steinum eða öðru og hins vegar manngerðum hindrunum, líkt og krönunum, sem búi yfir hættueiginleikum án nokkurra viðvörunarmerkja. Þá sé á það bent að hafi stefndi, Norðurorka hf., raunverulega talið að

gangandi og hjólandi vegfarendur færu ekki um svæðið sé vandséð hvers vegna þeir hafi talið tilefni til þess að gera tilraun, þó misheppnuð væri, til þess að vara vegfarendur við hættu sem hafi stafað af krönunum. Hér verði ekki bæði sleppt og haldið.

Stefnandi kveðst loks benda á að slysið geti ekki talist til óhappatilviks, enda séu slík tilvik tilviljun ein án þess að saknæm háttsemi sé talin vera til staðar. Að framan hafi verið rakið að starfsmenn stefnda, Norðurorku, hafi vitað eða mátt vita af hættunni sem stafað hafi af umdeildum aðstæðum. Ekki aðeins hafi þær ráðstafanir sem stefnda Norðurorku hf. hafi verið skylt að gera verið vanræktar hvað varði takmörkun á slysaættu, heldur hafi þær ráðstafanir sem gerðar hafi verið, fremur verið til þess fallnar að auka slysaættu vegna krananna þriggja. Í öllu falli hafi þær ráðstafanir ekki verið nægilegar, enda hafi útfærsla stauranna verið í trássi við þær ráðstafanir og/eða aðvörunarmerkingar sem vænta megí að settar séu upp til þess að takmarka slysaættu. Verði þannig í ljósi vitneskju stefnda, Norðurorku hf., um umrædda slysaættu að meta honum það til gáleysis að hafa komið krönunum upp á svæðinu, án þess að viðhafa ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys. Sökin á tjóni stefnanda liggi því, að öllu framansögðu virtu, ekki hjá öðrum en þeim sem komið hafi krönunum og staurunum fyrir á svæðinu, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Að framangreindu virtu verði því að telja að stefndi Norðurorka hf., beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda og að á grundvelli ábyrgðartryggingar sé stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. greiðsluskyldur vegna tjónsins.

Stefnandi kveðst byggja málssókn sína og kröfugerð á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sýnt hafi verið fram á líkamstjón stefnanda og lögvarða hagsmuni með framlögðu örorkumati og læknisvottorðum.

Um bótagrundvöll kveðst stefnandi vísa til almennu sakarreglunnar, reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, sem og skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra meginreglna skaðabótaréttar um fébótaábyrgð tjónvalds og rétt tjónþola til að fá allt tjón sitt bætt. Þá kveðst stefnandi vísa til þágildandi reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerkingar og notkun þeirra. Um aðild stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., sé vísað til 44. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga. Krafa um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. laganna. Gerð sé krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun og sé krafan reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til

að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Um varnarþing vísi stefnandi til 1. mgr. 33. gr., 41. gr. og 1. mgr. 42. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu

Í greinargerð sinni kveða stefndu að stefnandi sem ætlaður kröfuhafi skaðabótakröfu beri alla sönnunarbyrði fyrir því að öll skilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt. Í samræmi við málatilbúnað sinn þurfi stefnandi því að sanna að stefndi Norðurorka hf., eða starfsmenn hans, hafi valdið stefnanda tjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi. Byggja stefndu á því að slík sönnun hafi ekki tekist.

Þá byggja stefndu á að það sé ekki gáleysi starfsmanna stefnda Norðurorku hf. að frárennslislokar hafi verið huldir grasi eða öðrum gróðri. Verði að hafa í huga að akbrautin sé í umsjá Vegagerðarinnar og göngu- og hjólastígurinn í umsjón Akureyrarbæjar. Þá sé óræktarsvæðið á milli vegar og stígs að öllum líkindum í umsjón Akureyrarbæjar. Stefndi Norðurorka hf. sé í öllu falli ekki eigandi eða umsjónarmaður þess svæðis. Sé ætluð sök stefnda falin í því að ekki hafi verið hirt um gróður eða umhverfi frárennslislokanna eða að þeir hafi að einhverjum ástæðum verið huldir þá hafi stefnanda borið að beina kröfum sínum að þeim sem ábyrgð beri á umræddu svæði. Sama eigi við um uppsetningu viðvörunarskilta eða girðinga teljist nauðsyn til slíkra ráðstafana. Myndi það helgast af þeim gróðri sem nú sé á svæðinu enda hafi enginn eða afar lítill gróður verið á svæðinu þegar stefndi Norðurorka hf. hafi lagt bakrásarlögnina í jörðu. Telja stefndu að framangreint eigi að leiða til sýknu á grundvelli aðildarskorts til varnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá telja stefndu með öllu ósannað að stefnandi hafi dottið af reiðhjóli sínu vegna staðsetningar þjónustuloka á lögn stefnda Norðurorku hf. Þær ljósmyndir sem stefnandi hafi lagt fram sýni vissulega reiðhjól í námunda við þjónustuloka. Þá sé það ekki dregið í efa að stefnandi hafi dottið af reiðhjóli sínu þegar hann hafi hjólað á því yfir óbrotna hvíta línu af akvegi yfir torfæra órækt í átt að reiðhjólastíg. Kveða stefndu hinsvegar að það sé með öllu ósannað að það hafi verið þjónustuloki frekar en eitthvað annað í þessu umhverfi sem valdið hafi því að stefnandi féll. Þykkur gróður, þúfur, dældir, grjót og rusl séu meðal þess sem búast megi við að verði á vegi manns í umhverfi sem þessu og allt þetta og ýmislegt annað geti valdið því að reiðhjólamaður falli af hjóli sínu ef hraða sé ekki hagað í samræmi við aðstæður. Engin vitni hafi verið að atburðinum og sé stefnandi því einn til frásagnar um það hvað hafi gerst. Þá kveða stefndu einnig rétt að benda á að

alls ekki sé víst að stefnandi viti í raun hvað það hafi verið sem valdið hafi því að hann féll. Frásögn stefnanda einkamáls verði ekki lögð til grundvallar niðurstöðu honum í hag, sbr. ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá sé rétt að minnst þess einnig að eðli aðilaskýrslu breytist ekki þó hana eða endursögn hennar sé að finna í skýrslu frá lögreglu, matsgerð eða vottorði.

Þá byggi stefndu á því að frágangur umræddra þjónustuloka sé hefðbundinn og víki í engu frá skráðum háttænisreglum sem gildi um slíkar lagnir á því svæði sem um ræði. Skipti hér máli að bakrásarlögnin liggi í óræktuðu landi á milli þjóðveggar og reiðhjólástígs á svæði sem sé óskipulagt, óræktað og sé skilgreint sem veghelgunarsvæði skv. 32. gr. vegalaga nr. 80/2007. Tilvísanir í stefnu til þess að slyasvæðið hafi verið almenningssvæði þar sem vænta hafi mátt umferðar gangandi og hjólandi vegfarenda séu því úr lausu lofti gripnar.

Þá kveða stefnendur að málalíbúnaður í stefnu er lúti að því að draga hefði mátt úr hættu sem stafað hafi af þjónustulokunum með því að velja þeim annan stað standist ekki því eins og fyrr hafi komið fram sé staðsetning þjónustulokanna í samræmi við þá nauðsyn að þeim verði að velja stað á lágpunkti lagnarinnar til að þeir geti þjónað tilgangi sínum. Eftir lagningu göngu- og hjólástígsins á umræddu svæði hafi enn síður verið hægt að gera ráð fyrir hjólandi umferð á þjóðveginum eða meðfram honum, enda yfirlýst markmið með lagningu göngu- og hjólástígsins að ná umferð hjólandi vegfarenda af þjóðveginum. Þá hafi engin ástæða verið til að ætla að hjólandi vegfarendur veldu að fara út í ófæru á þessum stað á milli tveggja aðgengilegra umferðarleiða. Benda stefndu einnig á í þessu sambandi að þegar lögn stefnda hafi verið lögð í jörðu hafi ekki verið gróður á svæðinu og ekki göngu- og hjólreiðastígur og hafi því ekki verið uppi aðstæður sem styðji þá málástæðu stefnanda að stefnda Norðurorku hf. hafi borið að velja þjónustulokunum annan stað.

Stefndu kveðst leggja áherslu á að torfæran þar sem slys stefnanda hafi orðið sé á milli þjóðveggar og göngu- og reiðhjólástígs og því alls ekki umferðarleið. Þá benda þeir á að umferðarlög nr. 77/2019 gildi um umferð reiðhjóla og samkvæmt þeim hafi stefnanda sérstaklega verið heimilt að hjóla á bæði veginum og göngu- og hjólreiðastígnum en í lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarbæ er ekki gert ráð fyrir hjólreiðum á grænum svæðum og sérstaklega bannað í 10. gr. hennar að troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri. Sé það í samræmi við að þó hvorki umferðarlög né náttúruverndarlög beinlínis banni umferð reiðhjóla utan vega

og göngu- og hjólastíga sé ekki gert ráð fyrir þeim á slíkum svæðum og slík óskipulögð svæði verði aldrei talin til umferðarleiða reiðhjóla.

Þrátt fyrir að vissulega sé eðlismunur á náttúrulegum hindrunum og mannngerðum breyti það ekki þeirri staðreynd að svæðið þar sem slys stefnda hafi orðið hafi verið illfært reiðhjólum, óháð þjónustulokunum. Það hafi því ekki þurft að gera ráð fyrir umferð reiðhjóla um svæðið og merkingar hafi því eðli málsins samkvæmt ekki verið miðaðar við þess háttar umferð.

Staurunum sem stefndi Norðurorka hf. hafi sett upp hafi ekki verið ætlað að vera viðvörðun til almennrar umferðar eða einhverskonar umferðarmerki í skilningi umferðarlaga enda hafi ekki verið von á nokkurri umferð þar sem þær hafi verið. Litur þeirra eða samræmi þeirra við umferðarlög skipti því engu máli við úrlausn þessa máls. Staurunum hafi verið ætlað að vera merking og viðvörðun til starfsmanna stefnda Norðurorku hf. um staðsetningu þjónustuloka og einnig að vara þá við sem sinni viðhaldi á vegum og stígum, svo sem snjómokstri.

Þrátt fyrir framangreint telji stefndu ástæðu til að taka fram að jafnvel þó staurunum hefði verið ætlað það hlutverk að vara almenna umferð við þjónustulokunum fælist ekki í niðurstetningu þeirra viðurkenning á að stefnda Norðurorku hf. hafi verið ljóst að hætta væri á ferð. Niðurstöðu Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sé því harðlega mótmælt. Væri það almenna reglan að öryggisráðstafanir umfram skyldu myndu leiða til þess að sök teldist vera til staðar ef slys yrði, leiddi það til þess að einfaldlega þætti ekki ráðlegt að ganga lengra í öryggisráðstöfunum en lágmarkskröfur segi til um. Regla sú sem greina megir í úrskurði Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum myndi beinlínis leiða til þess að varkárir og grandvísir aðilar sem gangi lengra en þörf krefji til að tryggja öryggi í umhverfi sínu myndu oftara vera taldir hafa sýnt af sér gálausa háttsemi en þeir sem einungis uppfylli lágmarkskröfur.

Stefndu hafni því alfarið að staurarnir hafi aukið á hættu á slysi. Það sé ekki venja að staðsetja hlið í miðri órækt, sérstaklega ekki ef engin girðing er til staðar. Þá sé staðsetning og afstaða stauranna gagnvart veginum slík að engin leið sé að villast á þeim og vegvísunum. Staurarnir tveir séu ekki samsíða veginum heldur standi því sem næst þvert á hann í miðri óræktinni.

Stefndu hafni því alfarið að stefnda Norðurorka hf. hafi viðurkennt sök í máli þessu með því að hafa eftir slysið hent sandi og fínna mól á þjónustulokana til að hylja þá. Stefnandi hafi sérstaklega óskað eftir því að gripið yrði til einhverra ráðstafana á

svæðinu og sjálfsagt hafi þótt að verða við því. Í þeirri viðleitni felist ekki viðurkenning á sök heldur eingöngu viðleitni til að verða við beiðnum þjónustuþega. Stefndu bendi einnig á að aldrei áður hafi orðið slys á þessum stað og ekkert sé sem bent hafi til þess að hjólreiðafólk færi þarna um. Stefndi Norðurorka hf. hafi því aldrei haft ástæðu til að ætla, að hætta væri á slysum á þessum stað. Sú staða horfi öðruvísi við eftir að stefnandi hafi tilkynnt slys sitt til stefndu. Það verði almennt að vara við því að þeim sé hegnt, sem sakaðir séu um að hafa valdið slysum, fyrir að tryggja að sambærilegur atburður gerist ekki aftur, óháð því hvort atburðurinn hafi verið þeim að kenna eða ekki.

Stefndu kveða stefnanda hafa beygt af akvegi þar sem hjólreiðar séu heimilar yfir óbrotna kantlínu. Samkvæmt 37. gr. reglugerðar nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra sé óheimilt að aka yfir óbrotna kantlínu nema brýna nauðsyn beri til enda sé gætt fyllstu varúðar.

Af akveginum hafi stefnandi hjólað beint inn í torfæru þar sem búast hafi mátt við þykkum gróðri, þúfum, dældum, grjóti, rusli og öðru sem hamlað gat öruggri för hans. Hafi það þannig verið tilviljun ein sem ráðið hafi því hvað það hafi verið sem stöðvað hafi reiðhjól stefnanda og í raun ósannað að það hafi verið þjónustuloki frekar en annað.

Stefnandi hafi því vikið af merktri umferðarleið, í andstöðu við reglur umferðarlaga, og hafi beint reiðhjóli sínu í aðstæður þar sem meiri líkur en minni hafi verið til þess að slys hlytist af. Stefnanda hafi í öllu falli mátt vera ljóst að umtalsverðar líkur væru á að eitthvað yrði á vegi hans í þessari torfæru sem gæti valdið því að reiðhjólið stöðvaðist eða hrykki til.

Með ofangreindri háttsemi hafi stefnandi tekið áhættu með líkama sinn og heilsu og leiði það til brottfalls bótaréttar samkvæmt sjónarmiðum íslensk skaðabótaréttar um áhættutöku. Eigi það við jafnvel þó talið yrði að stefnda Norðurorka hf. hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Verði ekki talið að þær röksemdir sem reifaðar hafi verið í tengslum við áhættutöku dugi til að þær réttarreglur eigi við sé byggt á að öll sömu atriði leiði til þess að fella verði bótaábyrgð niður að fullu á grundvelli reglna um eigin sök.

Til viðbótar við ofangreint sé bent á að samkvæmt 36. gr. umferðarlaga og þeim grunnsjónarmiðum sem reglan byggir á skuli haga hraða í samræmi við aðstæður. Þá komi efnislega fram í niðurlagi sama ákvæðis að haga skuli hraða þannig að unnt sé að bregðast við aðstæðum áður en komið sé að hindrunum og að taka þá tillit til þess hversu auðvelt sé að greina hindranir.

Stefnanda hafi því borið að hjóla það hægt í torfærunni að hann gæti brugðist við því án þess að detta ef fyrirstaða reyndist vera á jörðinni. Hefði verið eðlilegast, auðveldast og hættuminnst að stíga af baki reiðhjólinu og reiða það þessa 9 metra sem séu milli vegar og göngu- og reiðhjólástígs fyrst ákvörðun hafi verið tekin um að víkja af umferðarleiðum til að komast þar á milli.

Varakrafa stefndu sé byggð á sjónarmiðum um eigin sök. Leiði þau sjónarmið sem nefnd hafi verið að framan ekki til brottfalls bótaréttar og sýknu verði í öllu falli að lækka kröfu stefnanda hlutfallslega í samræmi við hans ábyrgð á slysi sínu. Stefndu byggji á að skerðing þessi eigi ekki að nema lægra hlutfalli en helmingi enda ljóst að slysið hefði ekki orðið hefði stefnandi hagað hjólreiðaferð sinni í samræmi við það sem búast megi við af gegnum og skynsömum hjólreiðamanni. Það eitt að nota þar til gerðar umferðarleiðir eða að stíga af baki reiðhjólinu fyrst tekin hafi verið ákvörðun um að víkja af umferðarleiðum hefði með öllu komið í veg fyrir slys stefnanda. Þá séu líkur á að hraði í samræmi við aðstæður eða öryggisbúnaður sem samræmist hjólreiðum í torfæru hefði komið í veg fyrir slysið eða í öllu falli dregið verulega úr því tjóni sem það hafi valdið.

Stefndu kveðast mótmæla kröfu stefnanda um málskostnað. Um kröfu stefndu um málskostnað sé vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 129. gr. s.l.

Stefndu vísi til meginreglna skaðabótaréttar og almennra reglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarbyrði. Þá vísi stefndu til óskráðra meginreglna skaðabótaréttar um sök, áhættutöku og eigin sök auk skaðabótalaga nr. 50/1993 eftir því sem við geti átt. Þá vísi stefndu til reglna umferðarlaga og reglugerða sem settar séu með stoð í þeim auk ákvæða vegalaga og Lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarbæ. Varðandi málskostnað sé vísað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða dómsins

Stefnandi vísar til almennu sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð til stuðnings skaðabótakröfu sinni. Það er meginregla í skaðabótarétti Báðar eru þessar reglur óskráðar og hafa móttast í dómaframkvæmd og skrifum fræðimann. Inntak þeirra er á hinn bóginn skýrt. Það er meginregla í skaðabótarétti að þeir sem verða fyrir tjóni þurfi að bera tjónið sjálfir, nema þeir sýni fram á ábyrgð annarra. Í þessu felst m.a. að tjónþoli sem krefst greiðslu úr hendi annars aðila ber sönnunarbyrði fyrir því að öll skilyrði sakarábyrgðar séu fyrir hendi. Í máli þessu byggja stefndu á því að stefnanda

hafi ekki tekist sönnun þess að hann hafi fallið af hjóli sínu vegna þess að hann hafi hjólað á loka/krana sem er í eigu stefnda Norðurorku hf. Vísa stefndu til þess að um þetta atriði njóti aðeins við framburðar stefnanda sjálfs, en slíkur framburður aðila máls nægi ekki einn og sér til sönnunar gegn mótmælum gagnaðila.

Það er mat dómsins að ekki verði horft framhjá síðastnefndri röksemd stefndu. Liggur ekki fyrir í málinu annað en fullyrðing stefnanda um þetta atriði. Aftur á móti er ekki deilt um það að stefnandi féll af hjóli sínu og slasaðist á þessum stað. Telur dómurinn að þegar meta á frásögn stefnanda af atvikum verði að líta til allra aðstæðna á slysstað, en ekki aðeins þeirrar staðreyndar að umræddir lokar/kranar eru þar staðsettir. Er fallist á með stefndu að svæði það sem um ræðir sé órækt, vaxin háu grasi, þannig að ekki verði fullyrt að lokarnir séu eina hindrunin sem leitt gæti til þess að reiðhjólamaður falli af hjóli sínu. Þegar metið er saman annars vegar aðstæður á vettvangi, sem skoðaðar voru í upphafi aðalmeðferðar, og hins vegar framburður stefnanda er það mat dómsins að stefnanda hafi ekki tekist sönnun þess að fall hans megí rekja til áreksturs við loka/krana, sem sannanlega er að finna þarna. Þegar af framangreindri ástæða er óhjákvæmilegt annað en að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu. Það er til frekari styrkingar þeirri niðurstöðu að í umrætt sinn fór stefndi af öruggri umferðarleið og stefndi út í óhirt gróðurlendi með háu grasi, þannig eð engum hefði átt að dyljast að í því gæti falist hindrun sem erfitt eða ómögulegt væri að sjá. Þrátt fyrir það reyndist það svo að stefnandi féll af hjóli sínu þegar hann mætti slíkri hindrun. Bendir það til þess að stefnandi hafi ekki gætt þess að haga ferð sinni með þeirri varúð sem ætlast má til af reiðhjólamannt sem hjólar við slíkar aðstæður og er ekki unnt að telja að stefnandi hafi mátt treysta því miðað við aðstæður að á þeirri leið sem hann valdi væru ekki hindranir sem gætu reynst hættulegar. Styður þetta einnig framangreint sönnunarmat dómsins og niðurstöðu.

Með vísan til þess sem að framan greinir er stefndi Norðurorka hf. sýknaður af kröfu stefnanda. Af því leiðir jafnframt að stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. verður sýknaður af kröfu stefnanda um viðurkenningu á greiðsluskyldu.

Við ákvörðun málskostnaðar telur dómurinn óhjákvæmilegt að líta til þess að stefnandi höfðaði mál þetta eftir að stefndu höfnuðu bótaskyldu í andstöðu við niðurstöðu úrskurðarnefndar vátryggingamála. Hafði stefnandi því fullt tilefni til málshöfðunar sinnar. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Halldór Björnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Norðurorka hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. eru sýknaðir af kröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu.